

Reglugjörð

90

20. nóvbr.

um breyting á reglugjörð handa læknaskólanum í Reykjavík 26. júní 1899 og breyting á þeirri reglugjörð, 1. hluta 7. gr., frá 20. desember 1901.

Í stað 7. greinar í reglugjörð handa læknaskólanum í Reykjavík 26. júní 1899 og breytingar 20. desember 1901 á þeirri reglugjörð, komi eftirgreind ákvæði:

Burtfararpróf skal halda tvisvar á ári. Skriflegu og munnlegu prófin skal halda í janúar- eða júnímánuði, en hin verklegu prófin einhverntíma á síðasta skólamiðrinu, þegar þau föng eru fyrir hendi, sem á þarf að halda við prófin. Prófinu skal skift í þrennt, upphafspróf, miðpróf og lokapróf: upphafspróf skal að jafnaði leysa af hendi að loknu fyrsta námsári, en miðpróf þá er lokið er þrennur námsárum; milli miðprófs og lokaprófs mega ekki líða nema tvö námsár og má forstöðumaður því aðeins veita undanþágu frá þessu, ef lærisveinn hefir tafist frá námi vegna veikinda.

Áður en lærisveinum verði leyft að ganga undir upphafspróf, verða þeir að geta sýnt vottorð um, að þeir hafi í tvö skólamiðri stundað verklegt nám í efnafræði. Áður en þeim verði leyft að ganga undir miðpróf, verða þeir 1) að hafa lokið prófi í forspjallsvísindum, 2) hafa staðist upphafsprófið, 3) geta sýnt vottorð um það a) að þeir hafi fengið næga æfingu í líkskurði (Dissectio), b) að þeir hafi notað vel í 2 skólamiðri þá verklegu fræðslu, sem kennararnir í handlækningafræði og lyflækningafræði láta lærisveinum í tje. Áður en þeim verði leyft að ganga undir lokapróf skulu þeir 1) hafa staðist miðprófið, 2) sýna vottorð um það a) að þeir hafi notað verklega tilsögn kennaranna í handlækningafræði og lyflækningafræði eigi skemri tíma, en nemi samtals 5 skólamiðrum, b) hafi verið við augnlækningar og tannlækningar að minsta kosti 2 skólamiðri, a) hafi notið tilsagnar í lyfsalastörfum í lyfjabúðinni að minsta kosti mánaðartíma og gjört kennaranum í lyfjafræði og lyfsala næga grein fyrir þeirri kunnáttu sinni.

Prófgrein í upphafsprófi er:

Efnafræði.

Prófið er munnlegt og verklegt; skal taka meðaltal af einkunnunum fyrir bæði prófin og telja sem eina einkunn.

Prófgreinar í miðprófi eru þessar:

1. Liffærafræði.
2. Lífeðlisfræði.
3. Almenn sjúkdómafræði.
4. Heilbrigðisfræði.

Prófið skal aðeins vera munnlegt.

Prófgreinar í lokaprófi eru þessar:

- a. Skriflegar prófgreinar:
 1. Handlækningafræði.

90

20. nóvbr.

2. Lyflækningafræði.
3. Rjettarlæknisfræði.
- b. Munnlegar prófgreinar:
 1. Lyfjafræði.
 2. Handlækningafræði.
 3. Lyflækningafræði.
 4. Yfirsetufræði.
- c. Verklegar prófgreinar:
 1. Handlæknišaðgerð (Operatio).
 2. Handlæknisvitjan (Clinice Chirurgica).
 3. Lyflæknisvitjan (Clinice medicinalis).

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 20. nóvember 1907.

Í fjarveru ráðherrans.

Kl. Jónsson.

Jón Magnússon.

91

22. nóvbr.

Hafnarreglugjörð

fyrir Eskifjarðarkauptún.

Stjórnarráð Íslands hefir 22. nóvember 1907 gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Eskifjarðarkauptún í Suðurmúlasýslu samkvæmt lögum nr. 62 frá 10. nóv. 1905.

I. Hafnargjald.

Af öllum skipum (að undanteknum þeim, sem síðar getur um), sem mæld eru til lestatala, hvort sem þau eru vörum fermd, með seglfestu eða tóm, skal greiða í hafnargjald 5 auro af hverri smálest alls farnrúmsins, er þau í fyrsta sinni á árinu leggjast á höfnina, eftir að þau hafa komið frá Danmörku eða útlöndum. Þrjú næstu skiftin, er þau á sama ári leggjast á höfn, greiða þau hálfu hafnargjald í hvert skiftið, en komi þau oftár á sama ári, skulu þau ekkert gjald greiða. Skip, er fara aðeins milli hafna á Íslandi, greiða einnig 5 auro í hafnargjald af hverri smálest, en aðeins þá er þau í fyrsta sinni á árinu varpa akkerum á höfninni.

Þá er skip fermir eða affermir á höfninni, skal ennfremur gjalda 5 auro af hverri smálest skipsins.

Framangreind gjöld skal þá greiða, er skipið leggst fyrir innan beina línu, dregna frá Mjóeyri í Skeleyri.

Gjaldið skal og greiða af skipum, er leita hafnar fyrir ísreks sakir, storma eða því um líks.